

Sp.

266. Fyrirspurnir.

[141. mál]

I. Til menntamálaráðherra um innheimtu afnotagjalda hljóðvarps og sjónvarps.

Frá Heimi Hannessyni.

Vill menntamálaráðherra beita sér fyrir því, að eðlilegt tillit verði tekið til alvarlegra truflana á útsendingu hljóðvarps og sjónvarps, þegar afnotagjöld fyrir þá þjónustu verða innheimt, gagnvart þeim aðilum, er fyrir slíkum truflunum verða og hafa orðið?

II. Til sjávarútvegsráðherra um vanskil á stofnlánum hjá Fiskveiðasjóði Íslands og Byggðasjóði.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

- a. Hver voru vanskil togara við Fiskveiðasjóð Íslands og Byggðasjóð 1. jan. 1975?
- b. Hvernig skiptast vanskilin eftir kjördæmum?